

ÍSLAND - FYRSTA SJÁLFBÆRA LANDIÐ?

Markmiðið er að efla þekkingu landsmanna á sjálfbærni og stuðla þannig að enn meiri sjálfbærni innan framleiðslu- og þjónustugreina atvinnulífsins. Það mun skila þjóðinni meiri verðmætum, meiri gæðum, hærra verði og auka stöðugleika til frambúðar.

Sjávarútvegsráðstefnan 2016, Hörpu, 24.-25.
nóvember.



SJÁLFBÆRNI:

„Mannleg starfsemi sem fullnægir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum framtíðarkynslóða til að fullnægja þeirra þörfum.“

Hugtakið var fyrst kynnt til sögunnar í skýrslu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem kom út árið 1987 í Brundtlandskýrslunni svokölluðu og var kynnt í Rio de Janeiro í Brasilíu árið 1992 af Gro Harlem Bruntland. Forseti Íslands Frú Vigdís Finnbogadóttir flutti á sama þingi áhugaverða ræðu um stöðu Íslands sem vakti umtalsverða athygli.



SJÁLFBÆRT ÍSLAND?

Með hvaða hætti unnt er að auka samvinnu atvinnulífs og menningar, hefur verið í skoðun í þó nokkurn tíma. Food and Fun hátíðin stóð fyrir og hrinti í framkvæmd matvælakynningu í tengslum við hátíðina laugardaginn 1. Mars 2016 í Hörpu. Um 25.000 gestir sóttu kynninguna og aðsóknarmet var slegið í Hörpu.

Daginn eftir hélt matvælakynningin áfram og þá komu um 9.000 gestir í

Hörpu. Með þennan árangur í farteskinu og þá reynslu sem áunnist hefur af kynningum á ferðaþjónustu, menningu og matvælum á erlendum mörkuðum undanfarin ár og því æskilegt að einfalda boðskapinn. Það er því mjög mikilvægt, og jafnvel mikilvægara en nokkru sinni fyrr, að auka enn frekar samstöðu atvinnulífs og menningar við sölu og kynningu á þjónustu og afurðum landsins.



SJÁLFBÆRT ÍSLAND?

Öll okkar framleiðsla byggir á takmörkuðum auðlindum.

Við veiðum takmarkað magn af sjávarafurðum samkvæmt lögum um fiskveiðar sem sett voru árið 1983.

Landrými er takmarkað og gróðurtímabil er stutt sem þýðir takmarkaða framleiðslugetu landbúnaðar.

Orkan er takmörkuð auðlind en hefur þó algjöra sérstöðu á heimsvísu,

Viðkvæm náttúra og fólksfæð gerir ferðapjónustuna einnig að takmarkaðri auðlind.

Við blasir að auka þarf verðmæti allra afurða og þjónustu, en það er einungis unnt með því að ná herra verði fyrir meiri gæði og auka stöðugleika.



SJÁLFBÆRT ÍSLAND?

Að Ísland verði fyrsta sjálfbæra landið, er metnaðarfull nálgun á kynningu á landi og þjóð fyrir landsmönnum sem og erlendum viðskiptavinum, núverandi og verðandi. Markmiðið er að ná þessum áfanga á næstu 10 árum.

Aðkoma sjávarútvegar, landbúnaðs, orkufyrirtækja, ferðaþjónustu og menningarstofnana er gríðarlega mikilvæg svo hægt sé að kynna Ísland undir merkinu **SJÁLFBÆRT ÍSLAND**.



SJÁLFBÆRT ÍSLAND?

Nokkrir byggðakjarnar hafa þegar stefnt í átt að sjálfbærni og má þar nefna Hrísey, Snæfellsbæ, Sólheima í Grímsnesi og Vestfirði. Þar er til staðar dýrmæt reynsla sem nýta má um land allt.

Búið er að kynna þessa hugmynd fyrir hagsmunaaðilum og alls staðar hefur hún fengið jákvæðar undirtektir.

Hugsunin er sú að menningin dragi til sín atvinnulífið en fyrstu drög að hugmyndinni fylgja hér á eftir.



SAMEIGINLEGT AUÐKENNI
OG UNDIRSKRIFT









SJÁLFBÆRT ÍSLAND

Efnt verði til sameiginlegrar kynningar á íslenskum frumgreinum atvinnulífsins; ferðapjónustu, orkuiðnaði, menningu, sjávarútvegi, landbúnaði og sögu landsins, dagana 19. til 23. apríl 2017.

Hugmyndin er að kynningin fari fram í Hörpu og Sjávarklasanum. Við höfnina verður íslenskur sjávarútvegur, á Grandagarði verður landbúnaður og í húsinum sjálfum verður höfuðáhersla lögð á ferðapjónustu, menningu, mat, orku og sögu landsins.



Tilgangurinn er tvíþættur, annars vegar sá að tengja saman höfuðatvinnugreinar landsins og menningu fyrir Íslendingum en einnig er ætlunina að bjóða erlendum viðskiptavinum til landsins af þessu tilefni og kynna fyrir þeim viðskiptatækifæri.

Efnt verði til matarhátíðar og kynningar á íslenskum afurðum á veitingahúsum og verslunum. Þá verður hin alþjóðlega matarhátíð *Food and Fun* haldin í Reykjavík 1 til 5 mars þar sem þemað verði sjálfbær matvælaframleiðsla. Upphitun.

Þá er ætlunin að gera íslenskri tónlist hátt undir höfði í Eldborgarsal í samvinnu við Útón og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Mynd- og höggmyndalist verður til sýnis víða um Borgina, íslenskar kvikmyndir sýndar, rithöfundar lesa upp úr verkum sínum, leikhúsin kynna starfsemi sína sem og aðrar lista- og menningarstofnanir.

Við hafnarkantinn verður sett upp smábátabryggja þar sem línubátar landa fiski beint til kaupenda. Togari leggst að bryggju og fólk fær tækifæri til að hitta sjómenn og skoða atvinnutæki sem tengjast sjávarútvegi.

Framan við húsið verður íslenskur landbúnaður með aðstöðu og bændur munu kynna atvinnustarfsemi í sveitum og sýna tækjabúnað.

Auk þessa er stefnt að því að efna til alþjóðlegrar ráðstefnu um þróun matvælaíðnaðarins í heiminum á næstu árum enda er Ísland einkum þekkt fyrir matvælaframleiðslu sem byggir á hollustu, hreinleika og gæðum - svokölluðum sælkeramat (gourmet).

Einnig mætti efna til umræðu um orku, menningu, ferðaþjónustu og stöðu Íslands. Hver er framtíð okkar á alþjóðavettvangi í sem þrengstri merkingu orðsins, hér við heimskaupsbaug?

19. Apríl síðasti vetrardagur

20. Apríl sumardagurinn fyrsti

21. Apríl alþjóðlegur dagur umhverfisins, Earth Day.

22 og 23 Apríl, bændur og sjómenn í verslunum.



Auk framangreindra atburða sem gefa vísbendingu um hvernig hugmyndin er hugsuð þá er stefnt að því að fá menntastofnun, t.d. Skóla atvinnulífsins, til að setja upp heimasíðu um íslenskt atvinnulíf, hreinleika náttúrunnar, sjálfbæran landbúnað og sjávarútveg sem og orkuiðnað

Ísland er fyrsta landið sem setti lög um sjálfbærar fiskveiðar árið 1982, tók upp sjálfbæran landbúnað árið 2005 og nýtur sérstöðu í orkuframleiðslu.

Ætlunin er að sett verði á laggirnar alþjóðleg heimasíða í samvinnu við atvinnulífið í landinu þar sem unnt verður að nálgast alla nauðsynlega fræðslu og staðgóðar upplýsingar um hugtakið sjálfbærni og sérstöðu landsins.

Þá verði efnt til fræðslufunda á sjálfbæru efnahagslífi og með hvaða hætti heimili, stofnanir og byggðakjarnar geta með sparnaði aukið velferð samfélagsins.



Sjávarútvegur

Ferðapjónusta

Landbúnaður

Orkuframleiðsla

Menningar- og listsamtök



Harpa og Sjávarklasinn 19. til 23. Apríl 2017